



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins um verkferla við ráðningar skólastjóra í grunnskólum

Á 216. fundi skóla- og frístundaráðs, 28. september 2021, lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um þá verkferla sem unnið er eftir við ráðningar skólastjóra í grunnskólum Reykjavíkurborgar? Sérstaklega er óskað upplýsinga um það hvort notast sé við samræmdar og/eða gagnsæjar aðferðir við val á umsækjendum í slíku ráðningarferli.

Svar:

Við ráðningar í öll störf og þar með skólastjóra grunnskóla er unnið eftir ferlum úr Gæðahandbók Reykjavíkurborgar um ráðningar. Einnig er unnið eftir verkferli um ráðningar grunnskólastjóra og leikskólastjóra á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Í samræmi við gæðahandbók Reykjavíkurborgar um ráðningar er notast við samræmdar og/eða gagnsæjar aðferðir eins og t.d. að mat er lagt á allar umsóknir, samræmdir spurningalistar eru notaðir í viðtölum og samræmdar spurningar til umsagnaraðila.